



Inngangur: Netnóttun á Íslandi er ein sú mesta í heiminum. Um 97 prósent Íslendinga nota netið einu sinni eða oftar í viku, en meðaltalið í Evrópu er um 75 prósent (1). Samhliða hafa kaup á vörum gegnum netið aukist. Hlutfallslega nýta einstaklingar á miðjum aldri og þeir sem lokið hafa háskóla-menntun netið frekar til þess að versla en aðrir aldurshópar og þeir sem eru með lægra menntunarstig (2, 3).

Oft er talað um netbrot sem nokkurs konar regnhlífahugtak yfir tvenns konar ólíka en tengda brotastarfsemi. Annars vegar afbrot sem eru háð netinu (e. cyber-dependent), þ.e. brot sem geta aðeins átt sér stað á netinu þar sem tölvum er beitt gegn öðrum tölvum. Til dæmis netárásir (e. hacking), og útbreiðsla vírusa og spillforrita (e. malware). Hins vegar er talað um „hefðbundin“ brot sem stigmagnast með notkun netsins (e. cyber-enabled). Brot sem geta átt sér stað án þess að upplýsingatækni sé nýtt en með komu tækninnar hafa opnast nýir möguleikar og auðveldara er t.d. að villa á sér heimildir og yfirfæra sama brotið á stóran hóp notenda. Brot sem falla undir „cyber-enabled“ afbrot eru t.d. fjársvik,

gagnþjófnaður og kynferðisbrot.


Síðastliðin ár hafa netbrot verið rannsökuð í auknum mæli meðal fræðimanna, netfyrirtækja og annarra aðili í tækni-geiranum. Íslensk rannsókn frá árinu 2016 sýndi meðal annars fram á að um 13 prósent Íslendinga hefðu orðið þolendur netglæpa. Svarendur á aldrinum 30 – 44 ára voru líklegastir til þess að hafa orðið fyrir broti á netinu. Flestir greindu frá því að hafa orðið fyrir meiðyrðum eða rógburði á netinu og svikum í viðskiptum (4).

Samkvæmt upplýsingum frá vírusvarnarfyrirtækinu Norton greindi um 10 prósent Bandaríkjamanna frá því að þeir hefðu orðið fyrir netveiðum (e. phishing) árið 2012 (5), þ.e. þar sem komist er yfir notendanafn, lykilorð eða kreditkorta-upplýsingar til að nýta í ólöglegum tilgangi. Árið 2014 komust tölvuhakkarar yfir 348 milljón persónuupplýsinga (6). Þá sýndi rannsókn að rúmlega þrjár milljónir nýrra spillforrita (e. malicious software), t.d. vírusar og trojuhestar, urðu til á fyrsta helmingi ársins 2015 (7).

Aðferðir og gögn: Spurningar um netbrot voru hluti af könnun á reynslu landsmanna af afbrotum og viðhorfum til lögreglu, en spurt er um reynslu á undangengnu ári. Könnunin var lögð fyrir 4.000 íbúa 18 ára og eldri gegnum netpanel Félagsvísindastofnunar, helmingur var af höfuðborgarsvæðinu og helmingur af landsbyggð.

63%. Könnun var framkvæmd 11. maí til 21. júní 2017. Gögn voru vigtuð með tilliti til búsetu (landsbyggð/höfuðborgarsvæðið), aldurs, menntunar og kyns. Spurningarnar einblíndu aðallega á fjársvik og þjófnaði í gegnum net eða síma. Upplýsingar um orðalag spurninga má sjá á mynd 2.

Niðurstöður: Alls höfðu 1,5 prósent íbúa 18 ára og eldri orðið fyrir því að tapa fé árið 2016 vegna þeirra netbrota sem spurt var um. Þá hafði rúmur fimmtungur (21%) orðið fyrir því að gerð var tilraun til netbrots (sjá mynd 1). Þegar gögnin voru greind með tilliti til kyns, aldursflokka, búsetu og menntunar kom í ljós marktækur munur á milli aldurshópa og menntunar (sjá töflu 1). Hlutfallslega flestir sem urðu fyrir netbroti eða tilraun til þess voru á aldrinum 36 til 45 ára. Tæplega þrjú prósent þeirra sem voru á aldrinum 36-45 ára greindu frá því að hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og rúmlega þriðjungur í þessum aldursflokki (35%) greindi frá því að gerð hafi verið tilraun til að svíkja eða kúga af þeim fé á netinu. Um tvö og hálf prósent þátttakenda sem lokið höfðu námi á háskólastigi greindu frá því að hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna netbrota árið 2016 og rúmlega fjórðungur hafði orðið fyrir tilraun (sjá töflu 1).



- Varð fyrir netbroti með fjárhagslegu tjóni
- Varð fyrir tilraun til netbrots
- Varð ekki fyrir netbroti

Mynd 1. Varðstu fyrir netbroti?

Tafla 1. Varðstu fyrir netbroti, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntunarstigi


Varð fyrir netbroti	Já, varð fyrir fjárhagsl. tjóni	Já, gerð tilraun til þess	Samtals	Nei varð ekki fyrir
Kyn				
Karl	1,5%	23,0%	24,5%	75,5%
Kona	1,6%	19,7%	21,3%	78,7%
Aldursflokkar*				
18-25 ára	1,5%	15,9%	17,4%	82,6%
26-35 ára	1,1%	24,3%	25,5%	74,5%
36-45 ára	2,7%	35,4%	38,1%	61,9%
46-55 ára	1,3%	19,8%	21,1%	78,9%
56-65 ára	1,7%	21,0%	22,7%	77,3%
66-75 ára	0,7%	10,4%	11,2%	88,8%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	1,3%	20,7%	22,0%	78,0%
Landsbyggð	2,0%	22,5%	24,5%	75,5%
Menntun*				
Grunnskólapróf	0,4%	17,3%	17,7%	82,3%
Nám á framhaldsskólastigi	1,7%	20,2%	22,0%	78,0%
Nám á háskólastigi	2,5%	27,2%	29,7%	70,3%

*Marktækur munur milli hópa miðað við $p < 0,05$




Tegundir netbrota: Á mynd 2 má sjá hvaða netbrot spurt var um í könnuninni. Þegar litið er til tegunda netbrota, urðu flestir fyrir því að tilraun var gerð til að svíkja af þeim fé í gegnum net eða síma af hálfu einhvers ókunnugs, eða 18 prósent. Þegar hins vegar litið er til þeirra sem urðu fyrir því tapa pening, má sjá að flestir urðu fyrir því að svikið var af þeim fé við kaup á vöru á netinu, eða 1 prósent landsmanna. Næstflestir urðu fyrir því að svikið var af þeim fé með því að nota

kreditkortanúmer þeirra á ólöglegan hátt, eða 0,6 prósent. Af þeim sem höfðu orðið fyrir netbroti eða orðið fyrir tilraun til þess, var rétt tæpur fjórðungur sem merktu við fleiri en eina tegund. Algengast var að þeir sem höfðu orðið fyrir svikum (eða tilraun til þess) í gegnum net eða síma af hálfu einhvers ókunnugs hefðu orðið fyrir annars konar tilraunum eða brotum.



Mynd 2. Reynsla íbúa af netbrotum greint eftir tegund.

Fjárhagslegt tjón: Um 1,4% landsmanna höfðu orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna netbrotsins. Flestir höfðu tapað 20 þúsund eða minna (og helminur þeirra undir 5.000 krónum), sem jafngildir 0,9% landsmanna. Þá höfðu 0,3% tapað 21-100 þúsund og sama hlutfall hafði tapað yfir 100 þúsund krónum eða 0,3% landsmanna (sjá mynd 3). Einn af þeim svaraði því til að tapið hefði verið yfir 1 milljón króna.



Mynd 3. Hversu miklu fjárhagstjóni varðst þú fyrir?

Umræða: Undanfarin ár hafa einstaklingar og fyrirtæki í auknum mæli orðið vör við ýmis brot þar sem net eða sími eru notuð til að svíkja fé eða gera tilraun til þess að svíkja fé. Umhverfi netsins býður upp á aukna möguleika til að villa á sér heimildir og beita blekkingum og brotamenn hafa nýtt sér þessa nýju leið. Brotin sem spurt var um í könnuninni sem hér um ræðir falla undir sömu lög sem hafa verið í gildi í áratugi, t.d. fjársvik og þjófnaði, og falla því undir „cyber enabled crime“. Niðurstöður sýndu að lítill hluti 18 ára og eldri höfðu orðið fyrir netbroti, en um 21% fyrir tilraun. Fólk á miðjum aldri, og einstaklingar með hærra stig menntunar verða helst fyrir því að tapa fé á netinu. Almennt er netnotkun Íslendinga mikil í samanburði við margar Evrópuþjóðir og nánast allir fullorðnir Íslendingar eru virkir notendur, sem eykur jafnframt líkur á að verða fyrir brotum á netinu. Íslensk gögn hafa sýnt að þeir sem eru á miðjum aldri eru líklegri til að kaupa vörur og þjónustu á netinu en þeir sem eru í öðrum aldurshópum, og mögulega þess vegna hafa þeir frekar tapað fé, en niðurstöður sýndu að flestir töpuðu fé „við kaup á vöru á netinu“ eða þegar „kreditkortanúmer var notað á ólöglegan hátt“. Stærstur hluti, eða um tveir af hverjum þremur töpuðu minna en 20 þúsund krónum en þó voru um 0,3% sem greindu frá því að hafa tapað yfir 100 þúsund krónum.

Í könnuninni voru einstaklingar spurðir um reynslu sína af netbrotum, og því nær hún ekki utan um brot gegn fyrirtækjum, sem er annar áhugaverður vinkill á þennan nýja brotavettvang.

Líklegt má ætla að brotamenn muni halda áfram að reyna að finna nýja leiðir til að nýta upplýsingatækni til að svíkja og kúga fé úr fólki. Það er því mikilvægt að fylgst sé vel með þróun í þessum brotaflokk. Þá er ekki síður mikilvægt að forvarnir gegn þessum tegundum brota nái til notenda, að notendur séu upplýstir jafn óðum um nýjar aðferðir brotamanna við að ná peningum af einstaklingum gegnum net og síma. Þannig geta notendur frekar komist hjá því að tapa fé vegna svika gegnum net eða síma.

Heimildir:

- Hagstofa Íslands. (2015). Tölvu- og netnotkun á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum 2014. Hagtfíðindi – Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni, 100(1), 1-20. Sótt 29. ágúst 2016 af https://hagstofa.is/media/43822/hag_150123.pdf
- Hagstofa Íslands. (2015). „Verslun einstaklinga á netinu 2003-2014“. Sótt 20. júní 2016 af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_visindataekni_Upplysingataekni/ict_vidskipti/SAM07301.px?rxid=94dd07d4-6567-4ba7-bd60-0b77b73dba7e
- Kootti, F., Lerman, K., Aiello, L. M., Grbovic, M., Djuric, N., & Radosavljevic, V. (2016). *Portrait of an online shopper: Understanding and predicting consumer behavior*. In Proceedings of the Ninth ACM International Conference on Web Search and Data Mining, 205-214. ACM
- Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson. (2016). Tíðni og tegundir netbrota á Íslandi. Í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijkstra (ritstjórar), *Þjóðarspeglinn 2016: Rannsóknir í félagsvísindum XVII. Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2016*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun. Sótt 26. apríl 2018 af <http://hdl.handle.net/1946/26362>
- Norton. (2012). Norton cybercrime report 2012. Sótt 25. apríl 2016 af http://now-static.norton.com/now/en/pu/images/Promotions/2012/cybercrimeReport/2012_Norton_Cybercrime_Report_Master_FINAL_050912.pdf
- G Data Securitylabs. (2015). G Data Securitylabs Malware Report: Half-year report January-June 2015. Bochum: G Data Software Inc.
- Norton. (2016). Norton cybersecurity insights report. Sótt 25. apríl 2016 af <https://us.norton.com/norton-cybersecurity-insights-report-global>